

Reykjavík, 6. febrúar 2018

Efni: Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði.

Ungmennaráð Ungmennafélags Íslands – UMFÍ stendur nú í tíunda sinn fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði. Ráðstefnan verður dagana 10.–12. apríl 2019 á hótel B59 í Borgarnesi. Yfirkriftin er *Betri ég! Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér?*

Ráðstefnan er ætluð ungu fólk á aldrinum 16–25 ára. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og komast aðeins 80 manns á ráðstefnuna. Fullorðinn einstaklingur þarf að fylgja þátttakendum yngri en 18 ára. Þátttökugjald er 15.000 kr. fyrir hvern einstakling. Innifalið í gjaldinu eru ferðir, upphald og ráðstefnugögn. UMFÍ styrkir ferðakostnað. Athygli er vakin á því að aðeins lággjaldafargjöld eru endurgreidd eða ódýrasti ferðamátinn hverju sinni. Jafnframt er aðeins greitt fyrir þátttakendur sem þurfa að ferðast lengra en 100 km aðra leið. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík á miðvikudeginum og til baka á föstudeginum. Skila þarf inn kvittunum til þess að fá ferðakostnað endurgreiddan.

Á viðburðinum er lögð áhersla á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi, að einstaklingar geti styrkt sjálfsmýnd sína og tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl.

Ungmennaráð UMFÍ hefur veg og vanda að ráðstefnunni.

Dagskráin verður með fjölbreyttu sniði. Kynningar frá Hugarfrelsi, KVAN og áhrifavalldinum Fanney Dóru. Til viðbótar verður hellings hópefli og skemmtilegheit á ráðstefnunni.

Skráning stendur til 26. mars 2019. Nánari upplýsingar er að finna inn á www.umfi.is.

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ

Kolbrún Lára Kjartansdóttir
Formaður Ungmennaráðs UMFÍ

